

## Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudaginn 3. júní 2016



VINSTRI GRÆN

7. fundur stjórnar VG settur kl. 15.10 á Hallveigarstöðum.  
Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

**Mætt;** Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Daníel Arnarsson, Hrafnkell Lárusson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Bjarni Jónsson, Ingibjörg Þórðardóttir og Edward Huijbens. Fh. sveitarstjórnarráðs Sóley Björk Stefánsdóttir, fh. UVG Ragnar Auðun Árnason, fh. EVG Jóhanna Bryndís Helgadóttir. Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri VG sat einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.
2. Stjórn málaástandið, staða þings og kjördagur – Katrín fór yfir stöðuna í þinginu. Margt óljóst varðandi framhaldið, kjördagur liggur ekki ennþá fyrir. Umræða um stöðu mála í þinginu. Framsóknarmenn hafa verið duglegir að tala niður þá hugmynd að kosið verði í haust. Katrín og Ragnar Auðun kynna stöðu LÍN frumvarps mennta- og menningarmálaráðherra. Umræður um það.
3. Fjárhagsáætlun vegna Alþingiskosninga – Una og Björg Eva kynntu drög að fjárhagsáætlun. Umræður um hana. Mikilvægt að gera raunhæfa áætlun og standa við hana. Áætlun um lántökur verður síðan að afgreiða í kjölfarið. Mikilvægt að gera heildstæða og hnitmiðaða birtingaáætlun í fjölmiðlum.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir vikur af fundi kl. 16.20.

Una og Björg Eva fara yfir fjárhagsstöðu hreyfingarinnar. Katrín kynnir hugmynd að endurskoðaðri áætlun í kjölfar umræðna á fundinum. Svo breytt fjárhagsáætlun borin upp til atkvæða. Samþykkt.

4. Fjáröflunarnefnd og leiðir til fjáröflunar – Björg Eva óskar eftir hugmyndum frá stjórn um fjáröflun fyrir kosningar. Vinna við fjáröflun er hafin. Bréf til fyrirtækja hafa verið sent og verður þeim fylgt eftir á næstunni. Ungliðar munu sjá um úthringingar og er það vinnuframlag á móti útgáfustyrk til Íllgresis. Fulltrúi EVG mun ræða sjálfboðaliðamönnun vegna opunar skrifstofu í aðdraganda kosninga í sínum hópi.
5. Miðlæg kosningastjórn, mannráðningar og húsnæðismál – Búið að óska eftir tilnefningum kjördæmisráða, UVG og EVG í miðlæga kosningastjórn. Tilnefningar eiga að berast fyrir lok júní. Birna Þórðardóttir mun hefja störf í ágúst við fjáröflun og utankjörfundaratkvæðagreiðslu.
6. Ferðamálastefna VG – Edward kynnir framkomin drög að ferðamálastefnu VG. Atvinnu-, byggða- og efnahagsmálahópur hélt tvo fundi til að vinna drög að ferðamálastefnu. Jakob Jónsson, Rósa Björk og Edward héldu utan um þá vinnu fh. hópsins. Ritjórnarhópur á eftir að fara yfir stefnuna. Stefnan verður lögð fram til samþykktar á flokksráðsfundi í haust. Stjórn þakkar málefnaþópnum fyrir góða vinnu.

7. Sumarferð og aðrar ferðir – Ferð um Suðurland á morgun, laugardaginn 4. júní. Lagt verður af stað frá Hallveigarstöðum kl. 10.30. Katrín mun sinna fararstjórn í ferðinni. Hin árlega sumarferð/haustferð verður um Norðurland. Hún verður farin í tengslum við næsta flokksráðsfund sem áætlað er að verði haldinn á Akureyri 9.-10. september nk.
8. Málefni ungs fólks – Álfheiður ræðir um mikilvægi þess að fylgja eftir stefnumótun hreyfingarinnar í málefnum ungs fólks. Vinna þarf kosningaáherslur í þeim málaflokki. Lagt til að stofna 3 manna hóp til að vinna málið áfram. Hópurinn verði skipaður fulltrúum UVG, Þingflokks og VGR. Ragnar Auðun mun leiða vinnu hópsins.
9. Önnur mál –
  - a. Áframhaldandi vinna málefnaþópa fyrir sumarfrí. Punktur verða sendir aftur á hópstjóra. Elín óskaði eftir yfirliti um alla opna fundi málefnaþópa frá síðasta landsfundi frá skrifstofunni. Katrín mun senda skjal með málefnaþópunktum eftir síðasta vinnufund aftur á hópstjóra. Elín mun hafa samband við hópstjóra fyrir sumarfrí og ræða næstu skref í starfi hópanna. Katrín, Elín og Lísu munu halda utan um áframhaldandi vinnu málefnaþópa í samvinnu við skrifstofuna.
  - b. Innsend erindi frá Sindra Geir Óskarssyni og Bjarna Þóroddssyni. Katrínu er falið að hafa samband við aðila málsins og svara erindunum.

Fundi slitið kl. 17.15.

Næsti fundur stjórnar boðaður föstudaginn 5. ágúst kl. 15.00.